

# Doktorsdagur Hugvísindasviðs 23. október 2009

Aðalbygging Háskóla Íslands

## DAGSKRÁ

### MÁLSTOFUR I – III

#### I - ENSKA - Stofa 220. Málstofustjóri: Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor.

13:00 Árný Aurangasri Hinriksson: Tortured Paradise Island: The Conundrums of the People of Sri Lanka in Post-Independent Novels Written in English.

13:15 Anna Jeeves: Relevance in English Language Learning: Students' Views.

13:30 Hulda Kristín Jónsdóttir: English as a Lingua Franca within the Icelandic business community.

13:45 Ásrún Jóhannsdóttir: From the egg to the field: wading through.

#### II - GUÐFRÆÐI OG KIRKJAN - Stofa 225. Málstofustjóri: Pétur Pétursson, prófessor.

13:00 Árni Svanur Daníelsson: Hjálpræðisbrot í bíó.

13:20 Ásdís Emilsdóttir Petersen: Leiðtogahlutverkið í kirkjunni í ljósi nútíma stjórnumarfræða.

13:40 Skúli Sæland: Upprifa úr öskustó vanvirðingar.

#### III - ÍSLENSK MÁLFRÆÐI - Stofa 231. Málstofustjóri: Þórhallur Eypórsson, verkefnisstjóri.

13:00 Theódóra Anna Torfadóttir: Þróun "vera að" + nafnháttar í íslensku.

13:20 Haukur Þorgeirsson: Málkerfi og bragkerfi 1300-1700.

13:40 Bjarki M. Karlsson: Mállýskurannsóknir.

### KAFFIHLÉ 14:00 – 14:30

### MÁLSTOFUR IV – VI

#### IV - HEIMSPEKI og SAGNFRÆÐI - Stofa 220. Málstofustjóri: Gunnar Harðarson, dósent.

14:30 Róbert Jack: Andlegar æfingar í heimspeki Platons.

14:50 Guðbjörg Rannveig Jóhannsdóttir: Vá! - Undrun í upplifun af íslenskri náttúru.

15:10 Ólafur Rastrick: Samfélagslegt hlutverk lista og innreið menningar á svið umbótastjórnmála á Íslandi í upphafi 20. aldar.

15:30 Sigurgeir Guðjónsson: Geðheilbrigðissaga 1838-1910.

#### V - ÍSLENSKAR BÓKMENNTIR - Stofa 225. Málstofustjóri: Jón Karl Helgason, dósent.

14:30 Gunnvör S. Karlsdóttir: Hver voru hin brýnu erindi 14. aldar höfunda Guðmundar sagna við samtíma sinn?

14:50 Helga Birgisdóttir: Barbarar og æðri kynþættir: Um Nonna litla sem kom frá eyjunni langt, langt í norðri.

15:10 Guðrún Ingólfssdóttir: Íslenskar handritasýrpur á 18. öld. Tilurð og tilgangur.

15:30 Kristján Jóhann Jónsson: Heimsborgari og þjóðskáld.

#### VI - FORNLEIFAFRÆÐI - Stofa 231. Málstofustjóri: Gavin Lucas, lektor.

14:30 Vala Garðarsdóttir: Steinsetningar í heiðnum sið á Íslandi.

14:50 Nikola Trbojevic: The impact of settlement on woodland resources in Viking Age Iceland.

15:10 Oscar Aldred: An archaeology of movement: a study on the landscapes of Mývatn and Vatnsfjörður.

## MÁLSTOFUR I – III

### I – MÁLSTOFA Í ENSKU

Stofa 220. Málstofustjóri: Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor.

#### 13:00 - Árný Aurangasri Hinriksson.

Tortured Paradise Island: The Conundrums of the People of Sri Lanka in Post-Independent Novels Written in English.

##### Útdráttur

My doctoral thesis analyses postcolonial novels from Sri Lanka in English which emerged out of four major postcolonial situations, namely, the two insurgencies (1971, and 1987-89), the 30 year old ethnic war, the economic situation in the country as a result of the vast colonial plunder, and the status of women of independent Sri Lanka as a result of colonial influence. My presentation will deal with the historical background of colonization in Sri Lanka and the major linguistic and cultural influences due to colonization, as well as the sources from which the Sri Lankan authors drew inspiration for their writings.

#### 13:15 - Anna Jeeves.

Relevance in English Language Learning: Students' Views.

##### Útdráttur

The status of English in the Nordic countries is changing to that of a Lingua Franca. This study is an extension of a larger research project aiming to map out a range of facets of English in Iceland. It focuses on the perceived needs in English of Icelanders at secondary school, university, and in employment. It also explores the question of perceived relevance of English studies to the lives of young Icelanders. The relevance of learning language is a new field of research, which scholars in second language acquisition are studying in the light of variables such as motivation. Little work has been done on the role and nature of relevance. One essential aspect of this new scholarly debate involves including the voices of language learners themselves.

Á undanförnum árum hefur enska styrkt sig í sessi sem heimsmál sem hefur áhrif á tileinkun og notkun ensku þegar hún er samskiptamál meðal þeirra sem ekki eiga hana að móðurmáli. Þessi rannsókn tengist stærra rannsóknarverkefni en markmið þess er að rannsaka stöðu ensku á Íslandi frá mörgum sjónarhornum. Markmið þessarar rannsóknar er að kanna viðhorf málnefna á efri skólastigum til enskuþarfa, gildis enskunámsins og hvernig það nýtist þeim á næsta skólastigi og í atvinnulífinu. Gildi náms er nýtt rannsóknarefni en undanfarið hafa fræðimenn í auknum mæli gert sér grein fyrir mikilvægi breyta eins og hvata í tungumálanámi. Lítið er vítað um eðli gildis og hvaða hlutverki hún gengir í tileinkun tungumála. Afar mikilvægt er að viðhorf málnotenda heyrist þegar enskunám og notkun er kortlögð.

#### 13:30 - Hulda Kristín Jónsdóttir.

English as a Lingua Franca within the Icelandic business community.

The study of English as a Lingua Franca (ELF) has become the main focus of my research interests, as a result of my own personal experiences as a bilingual individual. My multicultural background (Icelandic, British and Lebanese) and my experience in language teaching in the business environment could provide me with insight as to the cultural and social implications of ELF. ELF is a unique opportunity for an affective worldwide 'language currency': an accessible, conjoined and functional English. It is my belief that ELF deserves and requires further research, to ensure that it fulfils the expectations of its users.

**13:45 - Ásrún Jóhannsdóttir.**

From the egg to the field: wading through.

Motivated and enthusiastic we enter the Doctoral program because we have something important to say, want to look into something, find something new and test our theories. This overview will cover the process of choosing the appropriate methodology and the dilemma of narrowing down one's own research. To demonstrate this process, I will present my own research project where I examine to what extent 4<sup>th</sup> grade students of English in Iceland are exposed to the language before they enter formal instruction, the nature of their vocabulary, as well as exploring the degree of motivation and attitude they have towards English.

## II – MÁLSTOFA UM GUÐFRÆÐI OG KIRKJUNA

Stofa 231. Málstofustjóri: Pétur Pétursson, prófessor.

### 13:00 - Árni Svanur Daníelsson.

Hjálpræðisbrot í bíó.

#### Útdráttur

Í erindinu verður rætt um hjálpræðisstef í kvikmyndunum *Levity*, *In America* og *Tsotsi*. Kynnt verður mólél sem má nota við greiningu og flokkun slíkra stefja í kvikmyndum. Þessar þrjár kvikmyndir geyma ólíkar hjálpræðissögur sem gefa innsýn í það hvernig hægt er að fjalla um hjálpræði í kvikmyndum. Um leið fjalla þær um spurningar um eðli syndar og fórnar og hjálpræðis.

### 13:20 - Ásdís Emilsdóttir Petersen.

Leiðtogahlutverkið í kirkjunni í ljósi nútíma stjórnumarfræða.

#### Útdráttur

Helsti hvati að doktorsrannsókn minni um Leiðtogahlutverkið í kirkjunni í ljósi nútíma stjórnumarfræða er það síbreytilega umhverfi sem kirkjan býr við. Á tímum hraða, fjölmenningar og öflugis upplýsingastreymis starfar kirkjan í ógrandi og gagnrýnu umhverfi sem gerir kröfur til leiðtoga hennar.

Markmið verkefnisins er að skilgreina prestshlutverkið, öðlast vitneskju um árangursríka eiginleika í fari íslenskra presta og bera þá saman við sjónarhorn praktískrar guðfræði og nútíma stjórnumarkeninga um leiðtoga og árangur. Lögð er áhersla á að skoða tengsl á milli styrkleika í starfi og árangurs. Með því að mæla og meta hæfnisþætti sem leiða til árangurs er stefnt að því að leggja til matstæki sem hafa má til hliðsjónar við starfsþjálfun innan kirkjunnar.

Rannsóknarferlið er þrjúþætt og byggir á eiginlegum og meginlegum rannsóknargögnum. Í forviðtölum má öðlast skilning á hugtökunum embættisskilningur, sjálfsmýnd og safnaðarskilningur (kirkjuskilningur). Til þess að leitast við að meta árangur í söfnuðum er stuðst við alþjóðlegt próf um náttúrulega safnaðaruppbyggingu (Natural Church Development). Sérvaldir prestar og virkir leikmenn fylla út spurningalista NCD. Niðurstöður varpa ljósi á jafnvægi milli átta gæðapátta sem taldir eru eiga þátt í árangursríku safnaðarstarfi. Í lokaferli eru tekin eiginleg viðtöl við hluta þeirra presta sem tóku þátt í spurningakönnuninni. Viðtölin auka þekkingu og skilning á niðurstöðum um gæði í íslenskum söfnuðum og um leiðtogahæfileika sem henta við ákveðnar safnaðaraðstæður. Stuðst er við aðferðir fyrirbærafræði við gagnagreiningu þar sem tilgangur rannsóknar er að komast að undirliggjandi merkingu og kjarna þess sem leiðir til árangurs.

Meginrannsóknarspurningin beinist að því að skoða samhengið á milli hæfileika presta í tiltekinni safnaðargerð og árangurs í kirkjulegu starfi.

### 13:40 - Skúli Sæland.

Upprisa úr öskustó vanvirðingar.

#### Útdráttur

Fjallað verður um lélegt ástand í Skálholti á fyrri hluta 20. aldar og viðhorf landsmanna og gesta í garð þess. Skoðaðar verða helstu viðreisnarhugmyndir og úrræði til endurbóta sem náðu hámarki um miðja öldina og hvernig unnið var úr þeim. Velt verður meðal annars upp þeirri spurningu að hve miklu leyti Sigurbjörn Einarsson fv. biskup megi teljast faðir Skálholts.

### III – MÁLSTOFA Í ÍSLENSKRI MÁLFRÆÐI

Stofa 231. Málstofustjóri: Þórhallur Eypórsson, verkefnisstjóri.

#### 13:00 - Theódóra Anna Torfadóttir.

Þróun “vera að” + nafnháttar í íslensku.

##### Útdráttur

Á undanförunum 10-15 árum hefur notkun “vera að” + nafnháttar í íslensku breyst töluvert. Auk þess að tjá athöfn sem stendur yfir á ákveðnum tíma (sbr. Hún var að lesa bók þegar ég kom heim) er sambandið notað með sögnum sem tákna einhvers konar ástand (Ég er ekki að skilja þetta; Við erum að sjá, að...) eða frammistöðu á ákveðnum tíma (Liðið var að leika vel í fyrri hálfleik). Stundum virðist sem sagnirnar fái í sambandi með “vera að” aðra merkingu en þær hafa þegar þær koma fyrir beygðar í setningu (Ég skil þetta ekki). Í fyrirlesturinum verður farið lauslega yfir þróun sambandsins frá forníslensku til nútímamáls, en meginviðfangsefnið verða þær breytingar sem orðið hafa á notkun þess á undanförunum árum.

#### 13:20 - Haukur Þorgeirsson.

Málkerfi og bragkerfi 1300-1700.

##### Útdráttur

Fjallað verður um hvernig breytingar á íslensku málkerfi á 14. - 17. öld endurspeglast í kveðskap tímabilsins. Rætt verður um vandann við að skilja á milli breytinga á málkerfi og breytinga á bragkerfi. Tæpt verður á vandanum við að tímasetja kvæði með innri rökum og tekin dæmi um tvö kvæði undir fornyrðislagi sem varðveitt eru í handritum frá 17. öld, Gullkársljóð og Hrafnagaldur Óðins.

#### 13:40 - Bjarki M. Karlsson.

Mállýskurannsóknir.

##### Útdráttur

Í fyrirlesturinum verður rannsóknasaga íslenskra framburðarmállýskna rifjuð upp, einkum rannsóknir Björns Guðfinnssonar á fimmta áratug 20. aldar og RÍN-rannsókn Höskulds Þráinssonar og Kristjáns Árnasonar á níunda áratugnum. Sagt verður frá yfirfræslu mállýskugagna á stafrænt snið og nýjan gagnagrunn sem fyrirlesari hefur smíðað til að skrá og bera saman upplýsingar úr gömlum og nýjum framburðarrannsóknum.

Fjallað verður um helstu viðfangsefni nýrrar, yfirgripsmikillar mállýskurannsóknar sem brýnt er að ráðist verði í hið fyrsta. Má þar nefna samanburð á útbreiðslu einstakra framburðarmállýskna við lífshorfur þeirra skv. RÍN-rannsókninni. Greint verður frá áformum um að athuga ítarlega hvort menn leggi af eða taki upp mállýskuframburð á lífsleiðinni og hvernig því er þá háttað. Þá verður minnst á nýjar mállýskubreytur sem lítt hafa verið rannsakaðar til þessa, til dæmis svokallaðan tvinnhljóðsframburð. Loks verður nýr upplýsingavefur um íslenskar framburðarmállýskur kynntur.

## MÁLSTOFUR IV – VI

### IV – MÁLSTOFA Í HEIMSPEKI og SAGNFRÆÐI

Stofa 220. Málstofustjóri: Gunnar Harðarson, dósent.

#### 14:30 - Róbert Jack.

Andlegar æfingar í heimspeki Platons.

#### Útdráttur

Andlegar æfingar eru í einfölduðu máli sagt eitthvað sem maður gerir til að breyta sjálfum sér. Þessa viðleitni hafa fræðimenn nú í auknum mæli greint í heimspeki fornaldar, sérstaklega eftir daga Platons. Þessu má þó einnig finna stað í ritum Platons og fjallar doktorsritgerðin um slíkar æfingar í heimspeki hans.

#### 14:50 - Guðbjörg Rannveig Jóhannesdóttir.

Vá! - Undrun í upplifun af íslenskri náttúru.

#### Útdráttur

Hver kannast ekki við upphrópunina vá! á eigin vörum eða annarra andspænis Dettifossi, Geysi eða Vatnajökli? Undrun er líklega eitt af helstu einkennum upplifunar af íslenskri náttúru. En hvers konar samband við náttúruna leiðir slík upplifun af sér? Undrun er þáttur í fagurfræðilegu sambandi við náttúruna, en samkvæmt heimspekingnum Pierre Hadot er hægt að greina samband okkar við veruleikann í þrjár mismunandi nálganir: fagurfræðilegu nálgunina, hversdagslegu nálgunina og vísindalegu nálgunina. Hér verður fagurfræðilega nálgunin tekin til skoðunar og leitast við að varpa ljósi á hvernig undrun getur leitt til sambands við náttúruna þar sem við skynjum bara til þess að skynja, sjáum hlutina eins og í fyrsta sinn, og losum okkur undan fyrirframgefnum hugmyndum um hvernig má skilgreina eða nýta þá.

6

#### 15:10 - Ólafur Rastrick.

Samfélagslegt hlutverk lista og innreið menningar á svið umbótastjórn mála á Íslandi í upphafi 20. aldar.

#### Útdráttur

Þótt forkólfum lista og menningar nú til dags finnist stjórnvöld gjarnan liggja á liði sínu þegar kemur að menningarmálum, er það viðtekin skoðun að hinu opinbera beri skylda til að leggja talsvert af mörkum til stuðnings blómlegu listalífi. Um aldamótin 1900 þótti slíkt ekki eins sjálfsagt og lagði landssjóður á sínum tíma óverulegt fé til þessara mála. Málflutningur listvina á fyrstu áratugum 20. aldar breytti þessu og varð til þess að ríkið tók að helga listum fé með reglubundnum hætti. Samtímis var að verða til í landinu bæði þekking á listum og stofnanalegt umhverfi listasköpunar. Í rannsókninni er innreið lista á svið umbótastjórn mála skoðuð á grundvelli hugmynda um vald og félagsstýringu í nútímasamfélögum, hugmynda sem kenndar eru við franska heimspekinginn Michel Foucault. Spurt er hvers konar félagslegan tilgang listvinnir álitu búa í listsköpun og hvert markmið opinbers stuðnings við listir var; hvernig tengdust hugmyndir um félagslegan tilgang lista hugmyndum um siðgæði einstaklingsins og framtíð íslensks samfélags; til hvers konar úrræða var gripið af hálfu stjórnvalda, félagasamtaka og einstaklinga til að hrinda umbótamarkmiðum í framkvæmd og hvernig mótuðust þekkingarlegar og stofnanalegar stoðir listsköpunar í samhengi við slík markmið.

#### 15:30 - Sigurgeir Guðjónsson.

Geðheilbrigðissaga 1838-1910.

Viðfangsefni rannsóknarinnar er að greina og skýra þær breytingar sem urðu á högum geðveikra og í geðheilbrigðismálum á Íslandi með breyttum samfélagsháttum á 19. öld.

Opinber afskipti og aðgerðir í geðheilbrigðismálum er einn af meginþáttum rannsóknarinnar. Könnuð er tilurð nútímageðlækninga á Íslandi á seinni hluta 19. aldar og uppbygging opinberrar læknisþjónustu á þessu sviði. Veigamikill hluti rannsóknarinnar snýr því að aðdraganda og stofnun Kleppsspítala árið 1907 og hverju hann breytti fyrir geðveika.

Í kynningunni er markmiðið að kynna einn þátt rannsóknarinnar eða lýðfræðilega athugun á geðveikum. Manntöl á árabílunum 1845-1910 voru skoðuð í þeim tilgangi að meta hverskonar félagshópur geðveikt fólk var á þessu árabili. Niðurstöðurnar verða kynntar.

Lýðfræðileg athugun er gerð á geðveikum og kannaðar eru aðstæður þeirra og umönnun. Leitast er við að skýra hugmyndir bæði leikmanna og lærðra um geðveiki, hvað var gert til að bæta líðan geðveikra og að hvaða marki úrræði breyttust með tilkomu nútímageðlækninga. Opinber afskipti og aðgerðir í geðheilbrigðismálum er einn af meginþáttum rannsóknarinnar. Könnuð er tilurð nútímageðlækninga á Íslandi á seinni hluta 19. aldar og uppbygging opinberrar læknisþjónustu á þessu sviði. Veigamikill hluti rannsóknarinnar snýr því að aðdraganda og stofnun Kleppsspítala árið 1907 og hverju hann breytti fyrir geðveika.

## V- MÁLSTOFA Í ÍSLENSKUM BÓKMENNTUM

Stofa 225. Málstofustjóri: Jón Karl Helgason, dósent.

### 14:30 - Gunnvör S. Karlsdóttir.

Hver voru hin brýnu erindi 14. aldar höfunda Guðmundar sagna við samtíma sinn?

#### Útdráttur

Ritheimildir frá 13. öld um Guðmund biskup Arason eru frumheimildir fjögurra sagna hans frá 14. öld. Niðurstöður meistaraprófsritgerðar minnar á jarteinum Guðmundar í yngstu gerð sögunnar, sem kennd er við bróður Arngrím, gefa tilefni til að kanna ritunarforsendur Guðmundar sagna nánar í heild og hvers konar hugmyndir kunni að hafa mótað trúarhætti Guðmundar eins og þeim er lýst í eldri heimildum. Hér er því annars vegar um að ræða atburði og ritheimildir 13. aldar og hins vegar ritheimildir 14. aldar sem lúta eftir atvikum lögmálum helgisagnaritunar en eru jafn háðar stjórnmála-, guðfræði- og bókmenntaáhrifum ritunartímans og eldri heimildarnar.

Meginviðfangsefnið felst í að rannsaka á hvern hátt 14. aldar höfundar vinna úr 13. aldar heimildum fyrir nýjan hóp viðtakenda sem gengist hefur á hönd breyttri stjórnskipan og kirkjuvaldi að evrópskri fyrirmynd og hvaða skilaboðum þeir vilja umfram allt koma á framfæri. 14. aldar sögur Guðmundar voru allar ritaðar á tæplega 50 ára tímabili, frá 1315 til 1360 eða þar um bil, eitthvað brýnt hefur því legið við, hvort sem það var af pólitískum eða guðfræðilegum ástæðum.

Ekki er laust við að 14. öldin hafi almennt haft á sér orð hnignunar. Hið gagnstæða kann að vera raunin en viðtækari rannsókna er þörf.

### 14:50 - Helga Birgisdóttir.

Barbarar og æðri kynþættir: Um Nonna litla sem kom frá eyjunni langt, langt í norðri.

8

#### Útdráttur

Nonnabækur Jóns Sveinssonar (1857-1944) eru skrifaðar í anda hefðbundinna drengjasagna og ævintýrasagna og í þeim er að finna nokkrar svokallaðar Róbinsonsögur. Róbinsonsögur, eða Robinnsonades, voru sögur skrifaðar í anda Róbinson Krúsó (1719) eftir Daniel Defoe sem naut gríðarlegra vinsælda í Evrópu á sínum tíma.

Nonnabækurnar innihalda flesta lykilkætti Róbinson Krúsó og Nonni litli stendur sig vel sem ungur Róbinson. Bækurnar um Nonna gerast hinsvegar á allt öðrum stað en saga Daniel Defoes og hefðbundnar Róbinsonsögur. Þær sögur gerast á fjarlægum og dularfullum slóðum, oftan en ekki í skógum eða eyðimörkum Afríku eða jafnvel frumskógum Suður-Afríku. Nonnabækurnar gerast á Íslandi.

Söguhetjur Róbinsonsagna koma frá siðmenntuðum samfélögum en lenda á yfirráðasvæðum barbara og villimanna sem þeir sigrast á eða vingast við og „siðvæða“ í anda bresku heimsvaldastefnunnar. Jóni Sveinssyni var það mikið í mun að Ísland væri álitid siðmenntað land en ekki eyja villimanna. Í fyrirlestrinum verður fjallað um líkindi Nonnabókanna með öðrum Róbinsonsögur og það hvernig Jón Sveinsson skapaði ímynd af Íslandi sem hinu dularfulla, hreina og sérstaka norðri – sem um leið var siðmenntað og fagað samfélag.

### 15:10 - Guðrún Ingólfssdóttir.

Íslenskar handritasýrur á 18. öld – tilurð og tilgangur.

#### Útdráttur

Doktorsverkefni mitt er íslenskar handritasýrur á 18. öld. Einungis verður fjallað um handrit þar sem einn skrifari heldur um fjöðurstafinn. Sú rannsóknaraðferð sem lögð verður til grundvallar er nýja textafræðin sem felur í sér að allir þættir hvers handrits eru skoðaðir. Ekki einasta verður fjallað um textana og samspil þeirra, helstu útlitseinkennum og skreytingum verða einnig gerð skil og reynt að varpa ljósi á hlutverk þeirra í sköpun hverrar bókar.

Þær syrpur sem hér verða teknar til rannsóknar minna um margt á bókasafn í smækkaðri mynd. Handritin sýna hvernig fyrri tíðar fólk kortlagði þekkingu sína og skóp sjálfu sér ímynd. Í rannsókninni er litið á þau sem nokkurs konar höfundarverk. Bygging þeirra er gjarnan þaulskipulögð og efniviðurinn varpar ljósi á sjálfsmýnd skrifarans. Öll handritin eru frá 18. öld, því mikla umbrotaskeiði þegar menn tóku að trúa því að þeir gætu skapað sjálfa sig – með vísdominn að vopni.

### **15:30 - Kristján Jóhann Jónsson.**

Heimsborgari og þjóðskáld.

#### **Útdráttur**

Ritgerðin byggir á aðferðum nýsöguhyggju og tekur mið af síðnýlendufræðum. Fjallað er um Grím Thomsen, ritverk hans og feril. Grímur skrifaði margar greinar og fræðirit, náði hátt í dönsku stjórnkerfi, og varð á efri árum eitt þekktasta ljóðskáld Íslands. Grímur var sonur iðnaðarmanns og hugsjónir borgarastéttar mótuðu stjórn málaafstöðu hans og ritverk. Ísland var hjálenda Dana, þar spratt hvorki fram iðnaður né borgarastétt á 19. öld. Grímur skar sig úr, var heimsborgari af vestrænni borgarastétt, staðsettur á Íslandi og þar átti hann eftir að verða þjóðskáld. Landar hans skildu hann ekki alltaf en voru iðnir við fráleitir skýringar. Túlkanir bókmenntasögu eru enn fjarri lagi.

Fjallað er um evrópska bókmenntasögu, tengsl Íslenskrar bókmenntasögu við hana og Gríms við samtímann. Úttekt er gerð á helstu lausamálstextum Gríms og ljóðum hans og æviferill rakinn. Þá verða og ræddar misvísandi sagnir og fráleitir staðhæfingar og leitast við að skýra þær.

## VI – MÁLSTOFA Í FORNLEIFAFRÆÐI

Stofa 225. Málstofustjóri: Gavin Lucas, lektor.

### 14:30 - Vala Garðarsdóttir.

Steinsettningar í heiðnum sið á Íslandi?

#### Útdráttur

Rannsóknin er m.a. fólgin í því að reyna að festa hendur á hvernig menn iðkuðu sína trú í heiðni á Íslandi. Hvar þær athafnir fóru fram og hvort um er að ræða fjölbreytta trúarhætti sem ekki eru þekktir út frá rituðum heimildum. Því verður reynt að túlka þær fornleifar, þ.e.a.s. Steinsettningarnar/Steinlagnir, sem mögulega eru til staðar á Íslandi, ekki einungis sem mannvirki reist til trúarathafna heldur einnig mannvirki sem nýtt voru sem samkomustaðir til menningarlegra- og vísindalegra athafna. Leitast verður við að gera samanburð á þeim steinsettningum sem finnast í Norður-Evrópu, sérstaklega Skandinavíu og Bretlandseyjum, og þeim sem kunna að finnast á Íslandi. Saga þeirra á sér djúpar rætur í menningarheimum forsögunnar. Verður þróun þeirra í gegnum aldirnar ein helsta undirstaðan í þeim rökstuðningi að þær eigi sér stað hér á Íslandi. Járnaldarmenningin hérlendis var eflaust jafn flókin og annarsstaðar í Evrópu og þar sem menningarheimar og trúarhefðir landnemanna voru af ýmsum toga efast ég að um það sé deilt. En hvort að hér hafi verið stundaðar athafnir sem endurspeglja fjölbreytileikann í bæði trú, menningu og e.t.v uppruna er verðugt verkefni að rannsaka eins og mögulegt er.

### 14:50 - Nikola Trbojevic.

The impact of settlement on woodland resources in Viking Age Iceland.

#### Útdráttur

More than a century of academic research on the pre-landnám woodlands and the extent to which they have been lost has produced a variety of descriptions of what is today known as one of the most significant impacts that the natural environment has sustained in Iceland. Despite the large amount and importance of the work done hitherto certain neglect of archaeological research prevent us from describing the present state of knowledge as thorough. Archaeology is one of the few research tools that can be used to properly investigate and offer reconstruction of the vegetation cover in the landnám period. Therefore, disregarding of archeological research may influence the final interpretation in a wrong way, and lead the entire research in an unwanted direction.

10

### 15:10 - Oscar Aldred.

An archaeology of movement: a study on the landscapes of Mývatn and Vatnsfjörður.

#### Útdráttur

This presentation takes the view that landscape is currently understood by archaeologists (and other disciplines) in a way that elides the very thing that constitutes it: dynamic formation processes. Part of the problem lies in how materiality and temporality (and space) are understood. While landscape entities such as boundaries, cairns and tracks are physically present, and have material form, as well as spatial coordinates, they are generally considered as ceasing to exist in the terms from which they derived: they are decidedly fossilised or relict - no longer useful. What I want to do in this presentation is present some of my research to date, and a few of the emerging ideas connected with unhinging landscape from this temporal constraint, and allow landscape to have continued presence in a reformulation of contemporary through an archaeology of movement.